



NIÐURSTÖÐUR

BARNAPINGS 2023

Umboðsmaður barna boðar til þings um málefni barna annað hvert ár þar sem farið er yfir stöðu og þróun á málefnum barna á helstu sviðum samfélagsins. Verndari barnapings er frú Vigdís Finnbogadóttir.

Nánar á www.barnathing.is

17

NÓVEMBER

20
23





FRÁ UMBOÐSMANNI BARNNA

Í þessari skýrslu birtast helstu niðurstöður þriðja barnaþings umboðsmanns barna. Barnaþing, sem tókst eins og þau sem á undan hafa farið með afbrigðum vel, er einn mikilvægasti vettvangur barna til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Mestu skiptir að skapa vettvang á forsendum barnanna sjálfra, þar sem þau geta tjáð sig um þau málefni sem þeim finnst mestu máli skipta, í öruggu umhverfi þar sem fer saman skemmtun og sköpun.

Tillögur þingsins eru flokkaðar í sex málefnaflokk; skóla, samgöngur, heilbrigðismál, íþróttir- og tómstundir, umhverfismál og réttindi. Um er að ræða mjög sambærilega flokka og áður hafa komið fram á fyrri barnaþingum.

Við skipulag barnaþings hefur frá upphafi verið byggt á greiningu Lauru Lundy á 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en hún hefur greint fjóra meginþætti, sem þurfa að vera til staðar í virku og raunverulegu samráði við börn; að skapað sé öruggt rými fyrir börn til að tjá skoðanir sínar, að börnum séu veittar upplýsingar við hæfi og tryggt sé að börn geti tjáð skoðanir sínar, að skoðunum barna sé miðlað til þeirra aðila sem bera ábyrgð á því að taka tillit til þeirra, og loks að tryggt sé að tekið sé tillit til skoðana barna og brugðist við þeim þar sem við á. Á barnaþingi fá börn vettvang, rödd og áheyrn og með því er hægt að segja með nokkurri vissu að fyrstu þremur þáttunum sé fullnægt. Vandasamara er aftur á móti að meta hvort þessar leiðir gefi þeim tækifæri til að hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku, stefnumótun, og hvort og þá hvernig unnið hafi verið með niðurstöður þeirra og tillögur í sveitarfélögum eða á vettvangi stjórnarráðsins.

Fjöl margar og fjölbreyttar tillögur hafa komið frá fyrri barnaþingum og þær verið kynntar fyrir ríkisstjórn Íslands og ræddar á Alþingi. Á fyrri hluta árs 2024 samþykkti stýrihópur stjórnarráðsins um málefni barna verklag um meðferð tillagna barnaþings innan stjórnarráðsins. Verklagið á að tryggja að stjórnarráðið taki tillögur barnaþings til meðferðar og að hvert ráðuneyti skili skýrslu um hvernig unnið hafi verið með þær tillögur sem heyri undir viðkomandi ráðuneyti milli þinga. Þetta er mikilvægur áfangi til þess að tryggja að tillögur barna fái vandaða meðferð hjá stjórnvöldum og séu teknar alvarlega.

Alþingi bauð barnaþingmönnum í sérstaka heimsókn daginn fyrir þingið, þar sem þau fengu meðal annars tækifæri til að setjast í þingsalinn, hlýða á forseta Alþingis og spyrja spurninga. Ég vil þakka Alþingi og starfsfólki þess einstakar móttökur. Jafnframt þakka ég öllum þeim sem komu að barnaþingi 2023, forseta Íslands, ráðherrum, alþingismönnum, sveitarstjórnarfólki og öðrum gestum. Einnig ber að þakka frábæru starfsliði þingsins og borðstjórum sem héldu utan um þingið af öryggi ásamt fulltrúum ráðgjafarhóps umboðsmanns barna og barna- og ungmennaráðs heimsmarkmiðanna. Mestu skiptir þó framlag barnanna sjálfra og vandaðar tillögur þeirra. Þeim þakka ég sérstaklega fyrir ómetanlega þátttöku á þingdeginum.

Salvör Nordal,
Umboðsmaður barna

INNGANGUR

Þriðja barnaþing umboðsmanns barna var haldið í Hörpu 17. nóvember sl. Þingið var haldið með þjóðfundarformi og fengu börnin tækifæri til þess að koma sínum áhersluatriðum á framfæri. Í lögum um umboðsmann barna er kveðið á um að halda skuli þing um málefni barna annað hvert ár. Þingið er opið öllum en embættinu ber að boða fjölbreyttan hóp barna til þingsins, alþingismenn, fulltrúa stofnana ríkis og sveitarfélaga, auk fulltrúa vinnumarkaðarins og frjálsra félagasamtaka sem koma að málefnum barna. Barnaþingi er ætlað að efla börn til þátttöku í lýðræðislegri umræðu um málefni sem snerta þau og veita sjónarmiðum þeirra farveg inn í almenna stefnumótun og þjóðfélagsumræðu í samræmi við 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Embætti umboðsmanns barna mun fylgja eftir þeim tillögum sem fram komu á barnaþingi og hér eru kynntar. Boðsbréf voru send til 350 barna, líkt og áður voru börnin valin með slembivali úr Þjóðskrá Íslands til þess að fá til þátttöku fjölbreyttan hóp barna. Gætt var að kynja- og aldurshlutfalli og búsetu þátttakenda. Auk þess var börnum sem tilheyra minnihlutahópum á Íslandi sérstaklega boðið að taka þátt. Með þessari aðferð fékkst hópur barna sem endurspeglar fjölbreytileika barna í landinu. Alls tóku um 140 börn, víða að af landinu, þátt á þinginu að þessu sinni.

Ferðir barnaþingmanna kolefnisjafnaðar:

Í samræmi við áherslur barnaþingmanna á umhverfis- og loftslagsmál og umhverfisvæna samgöngumáta eru ferðir barnaþingmanna á þingið kolefnisjafnaðar með gróðursetningu plantna í Vinaskógi við Þingvelli. Þann 2. júní 2022 voru 55 plöntur gróðursettar í samstarfi við Skógræktarfélag Íslands, sem hefur umsjón með gróðursetningu og umhirðu skógarins, og Yrkju – sjóð æskunnar til ræktunar landsins.

Til Vinaskógar var stofnað í tilefni Landgræðsluskógaátaksins árið 1990 og átti frú Vigdís Finnbogadóttir hugmyndina að honum og er hún verndari hans. Frú Vigdís Finnbogadóttir, er jafnframt verndari barnaþings og því er vel við hæfi að velja Vinaskóg til gróðursetningarinnar.



UNDIRBÚNINGUR BARNAPINGMANNA

Undirbúningur barnapingmanna hófst á haustmánuðum 2023. Barnapingmenn tóku þátt í þremur undirbúningsfundum sem fóru fram á netinu, þá var einnig haldinn upplýsingafundur fyrir forsjáraðila barnanna. Á fundunum fór fram hugmyndavinna fyrir þingið auk þess sem kosið var um skemmtiatriði en Herra hnetusmjör varð fyrir valinu.

Fyrir þingið var auglýst eftir ungu fólki með reynslu af því að starfa með börnum til að vera borðstjórar á umræðuborðum barnapingmanna. Tveir undirbúningsfundir voru haldnir fyrir borðstjóra þar sem farið var yfir framkvæmd barnapings og áherslur í vinnu og samskiptum við barnapingmenn.

Á barnapingi er ávallt lögð rík áhersla á að tryggja velferð og öryggi barnapingmanna. Hjúkrunarfræðingur var til taks á þinginu og börnin gátu leitað til hans ef eitthvað kom uppá. Þá var einnig sérstakt hvíldarrými þar sem börnin gátu slakað á ef þau þurftu á hvíld að halda. Sérstakt stuðningsteymi með níu manns sá um að veita stuðning til þess að tryggja að öll börn gætu tekið þátt á sínum forsendum.



Á fyrsta barnþinginu 21. – 22. nóvember 2019 var lagt upp með opna spurningu og barnþingmenn beðnir um að ræða það sem þeim þætti mikilvægast. Barnþingmenn höfðu því frelsi til þess að móta sín áhersluatriði sem síðan var unnið áfram með á vinnuborðum á þinginu. Eftir barnþingið voru niðurstöður flokkaðar eftir áhersluatriðum í ellefu flokka, skóla og menntun, mannréttindi, umhverfismál, heilsu og líðan, íþróttir, fjölskyldu og vini, heimsmálin, samgöngur, velferð dýra, fjármál og atvinnu.

Við undirbúning annars barnþings 3. – 4. mars 2022 tóku barnþingmenn þátt í þremur undirbúningsfundum sem fóru fram á netinu. Á fundunum völdu barnþingmenn þrjú málefni til þess að ræða sérstaklega á þinginu. Þessi umræðuefni voru valin úr niðurstöðum barnþings 2019. Þau umræðuefni sem urðu fyrir valinu voru umhverfismál, mannréttindi og menntun. Barnþingmenn gátu síðan valið sér umræðuhópa á þinginu eftir áhugasviði.

Á barnþingi 2023 var aftur lagt upp með opna spurningu líkt og á fyrsta þinginu 2019 og börnin beðin um að ræða það sem þeim þætti mikilvægast í tengslum við réttindi barna á Íslandi. Við úrvinnslu á niðurstöðum barnþings voru sex flokkar greindir eftir áhersluatriðum. Þeir flokkar voru skólinn, samgöngur, heilbrigðismál, íþróttir og tómstundir, umhverfismál og réttindi.



Barnþingmenn heimsóttu Alþingi

Á seinustu tveimur barnþingum hefur dagskrá þingsins verið skipt niður á tvo daga og hefur hátíðardagskrá farið fram á fyrri degi þingsins. Að þessu sinni var sú breyting gerð að í stað hátíðardagskrár gafst barnþingmönnum tækifæri á að heimsækja Alþingi þann 16. nóvember. Barnþingmenn fengu að skoða þinghúsið og fræðast um sögu þess. Þá fengu barnþingmenn að taka sæti í þingsalnum á meðan Birgir Ármannsson, forseti Alþingis fór yfir störf þingsins og svaraði fjölbreyttum spurningum barnþingmanna. Mikil ánægja var með heimsóknina og góðar móttökur Alþingis.

DAGSKRÁ PINGSINS

Barnaþing var formlega sett föstudaginn 17. nóvember með ávarpi Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands. Sigyn Blöndal sá um fundarstjórn. Í upphafi þingsins var barnaþingmönnum skipt niður á vinnuborð með borðstjórum. Við hvert borð gerðu barnaþingmenn með sér samskiptasáttmála sem endurspegluðu það sem þau vildu hafa að leiðarljósi fyrir vinnu dagsins. Líkt og fram hefur komið voru barnaþingmenn beðnir um að ræða það sem þeim þætti mikilvægast í tengslum við réttindi barna á Íslandi. Barnaþingmenn höfðu því tækifæri til þess að koma sínum sjónamiðum á framfæri og setja sín áhersluatriði á dagskrá. Eftir hádegi mættu fullorðnir boðsgestir. Þeir fengu að setjast við borðin hjá barnaþingmönnum og taka þátt í umræðum um þau umfjöllunarefni sem börnin höfðu valið. Þau Ásmundur Einar Daðason, mennta- og barnamálaráðherra; Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra; Willum Þór Þórsson, heilbrigðisráðherra; Lilja D. Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra; Svandís Svavarsdóttir, innviðaráðherra og Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra mættu til þingsins og sátu fyrir svörum. Þá kom Katrín Jakobsdóttir fyrrum forsætisráðherra undir lok þingsins og ávarpaði barnaþingmennina.

Fjölbreyttum skemmtiatriðum var fléttuð inn í dagskrá þingsins. Keppt var í skæri, blað, steinn og leikarar úr leikritinu Fíafól gefst aldrei upp! fluttu lög úr leikritinu. Hefð hefur myndast fyrir því að barnaþingmenn fái að velja eitt skemmtiatriði og að þessu sinni varð Herra hnetusmjör fyrir valinu. Hann steig á stökk í lok þingsins og tók nokkur lög og vakti það mikla lukku meðal allra viðstaddra.



SAMSKIPTASÁTTMÁLI


Á hverju borði settu barnaþingmenn sér samskiptasáttmála. Algengt var að áhersla væri lögð á jákvæð og góð samskipti, virðingu fyrir skoðunum annarra og kurteisi. Þá var einnig algengt að fram kæmi að það mætti ekki sýna fordóma eða rasisma, þá mætti ekki grípa fram í og ekki sýna öðrum vanvirðingu. Þau settu sér einnig mörg reglur um símanotkun en þeim fannst greinilega mikilvægt að allir tækju þátt í vinnu dagsins og létu símann ekki trufla þá vinnu.

KOSNINGAR UM FULLTRÚA Í BARNA- OG UNGMENNARÁÐ HEIMSMARKMIÐANNA

Forsætisráðherra setti á stofn ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna árið 2018. Umboðsmaður barna og forsætisráðuneytið gerðu síðan samning um mitt ár 2020 þar sem umboðsmanni var falin umsjón með ungmennaráðinu. Nafni ráðsins var breytt árið 2023 og heitir nú barna- og ungmennaráð heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna.

Í barna- og ungmennaráðinu sitja tólf börn á aldrinum 13-18 ára. Leitast er eftir því að hafa fjölbreyttan hóp barna í ráðinu, þá sér í lagi með tilliti til kynjahlutfalls og búsetu en áhersla hefur verið lögð á að vera með fulltrúa úr öllum landshlutum. Hlutverk ungmennaráðs heimsmarkmiðanna er fyrst og fremst að vinna með málefni tengd heimsmarkmiðunum og sjálfbærri þróun og vinna að því að koma sjónarmiðum barna á framfæri.

Á barnaþingi voru átta fulltrúar kosnir í barna- og ungmennaráð heimsmarkmiðanna. Það voru 50 börn alls staðar að af landinu sem buðu sig fram. Barnaþingmenn fengu kjörlista með upplýsingum um hvern frambjóðanda auk þess sem kynningarmyndbönd voru sýnd á þinginu þar sem frambjóðendur kynntu sig og af hverju þau vildu taka þátt í starfi ráðsins. Fjórir meðlimir ráðsins voru síðan valdir, af valnefnd á vegum forsætisráðuneytisins. Val á þeim einstaklingum miðast við að tryggja fjölbreytileika barnanna í ráðinu.



**SAMANTEKT
Á HELSTU
ÁHERSLUMÁLUM
Á BARNAPINGI 2023**

SPURNINGAR TIL RÁÐHERRA:

1

Gæti skólakerfið stutt kennara betur þannig að nemendur geti lært bæði hratt og hægt?

2

Eruð þið að fara að endurskoða skólakerfið þegar kemur að: 1. styttri skóla tíma - skólinn byrjar seinna - bæta kerfið til að koma til móts við eins marga nemendur og hægt er t.d. hoppa upp um bekk í sumum fögum?

3

Við hér á borði 14 okkur finnst hræðilegt að láta fólk bíða rosa lengi eftir greiningum og hjálp svo okkar spurning er þessi: Hvernig getum við stýtt biðtíma eftir greiningum og hjálp?

4

Þið segist vilja hlusta á börn en þegar við biðjum um sömu hlutina ár eftir ár geri þið þá ekki af því við erum ekki fólkíð sem getur tekið ykkur úr embætti ef þið hunsið okkur - Af hverju fær ríkið skattþeningana mína frá 16 ára aldri en ég fæ ekki að ákveða hver situr í ríkisstjórn fyrr en ég verð 18?

5

Hvað ætli þið að gera til þess að standa við loforð ykkar um að bæta aðgengi fatlaðra og þjónustu við þau? Hvernig ætlið þið að bæta aðstæður og stuðning við innflytjendur og flóttafólk? Eins og nám, störf og læknisþjónustu? Hvað ætlið þið að gera til þess að draga úr transhatri í samfélaginu og vernda réttindi þeirra?

6

Hvernig getum við verið fullviss um að raddir barna heyrast?

7

Hvernig getum við passað að allir sem koma að okkar landi fái sanngjarna meðferð?

8

Hvernig getum við verið fullviss um að barnavernd fari rétt að?

9

Hvernig getur ríkisstjórnin tryggt jafnrétti fyrir alla?

10

Hvernig getum við fengið alla til að taka þátt í íþróttum?

11

Hvernig getum við verið með meira jafnrétti hjá minnihlutahópum?

12

Hvernig getum við látið kenna táknmál í öllum skólum?

13

Hvernig getum við hjálpað flóttafólki að fá kennitölu fyrr til þess að auka réttindi þeirra?


14

Hvernig er hægt að tryggja að öll fái jafna menntun?

15

Hvernig væri hægt að passa að öll börn eigi heimili?
Líka þau sem hafa flúið heimili sín.


NIÐURSTÖÐUR




Fá að kjósa 16 ára



Strangari reglur um sölu og markaðssetningu á vörum sem innihalda nikótín



Betri og fjölbreyttari mat í grunnskóla sem ekki þarf að borga fyrir



Að hlustað sé á börn og mark tekið á skoðunum þeirra



Minni heimavinnu



Skólinn byrji seinna á daginn



Frítt í strætó

SKÓLINN

Barnaþingmenn vilja að nemendur fái að hafa meiri áhrif innan skólans, þau vilja að nemendaráð hafi meira vald og þau vilja að haldin séu skólaping. Þau vilja að tekið verði upp betra einkunnarkerfi í grunnskólum þar sem notast er við prósentur. Þá telja þau að námið þurfi að vera einstaklingsmiðaðra þannig að það henti öllum og fram kom að auka þurfi sveigjanleika í kennslu. Barnaþingmenn lögðu áberandi mikla áherslu á að bjóða þurfi upp á fjölbreyttari kennsluaðferðir.

Barnaþingmenn vilja að aukinn metnaður verði lagður í að kenna skrift og lestur. Þau vilja kennslu um geðheilbrigðismál, andlega heilsu, slökun og núvitund. Þá vilja þau einnig kennslu um málefni hinsegin fólks og fatlaðra. Þau telja að bæta þurfi kynfræðslu og kynjafræði og þau vilja læra um samskipti kynja og kynferðislegt ofbeldi. Barnaþingmenn vilja að grunnskólanemendum verði kennt að nota gervigreind og þau vilja læra meira um loftslagsmál. Þau vilja læra frumkvöðlafræði og aukna kennslu um stjórnsmál og hvernig samfélagið virkar. Þá vilja barnaþingmenn fleiri lífsleiknitíma, skemmtilegri valfög og að boðið verði upp á fjölbreyttari verkefnavinnu. Þau vilja ekki hafa Píp-test í íþróttum og þau vilja að sund verði valgrein eftir 8. bekk eða þegar nemendur hafa náð grunnviðmiðum. Mikil áhersla var lögð á að dregið verði úr heimanámi.

Barnaþingmenn vilja að nemendur hafi meira um það að segja hvaða tungumál þau læra t.d. að hægt verði að velja hvaða norðurlandamál nemendur læra. Verulega skiptar skoðanir komu fram um dönskukennslu og voru sumir barnaþingmenn á þeirri skoðun að auka þurfi kennslu í dönsku á meðan aðrir vilja að henni verði hætt. Barnaþingmenn vilja einnig að hægt verði að læra táknmál í öllum grunnskólum og þeim finnst að það ætti að vera fjallað um táknmál í aðalnámskrá.

Barnaþingmenn vilja að það séu skýrar reglur innan skólans um notkun farsíma og að dregið verði úr skjánotkun við kennslu.

Barnaþingmenn lögðu áherslu á að skólar eigi að vera vel byggðir og þau vilja ekki vera í skólum þar sem er mygla. Fram kom að skólahúsnæði þurfi að vera gott fyrir andlega og líkamlega heilsu nemenda.

Barnaþingmenn vilja byrja seinna á daginn í skólanum og að skóladagurinn sé styttri. Þá vilja þau lengra sumarfrí.

Barnábingmenn vilja fá betri heilbrigðisþjónustu innan skólans og þau vilja að hjúkrunarfræðingur sé til staðar í skólanum alla daga og að í fjölmönnum skólum séu fleiri en einn hjúkrunarfræðingur. Einnig vilja þau sálfræðinga í alla skóla. Barnábingmenn vilja fá betri og fjölbreyttari mat í skólanum. Þau vilja fá morgun- og hádegismat í skólanum og þau telja mikilvægt að öllum nemendum standi til boða að fá mat án þess að þurfa að greiða fyrir hann.

Barnábingmenn vilja að skólakerfið verði endurskoðað með það að markmiði að það komi til móts við þarfir allra nemenda. Töluverð áhersla var lögð á að mikil þörf sé á auknum stuðningi og betri aðstöðu í grunnskólum fyrir börn sem eru með stuðningsþarfir svo sem börn sem tala ekki íslensku, fötluð börn og börn sem eru með andlegar áskoranir og þroskaraskanir. Einnig var mikil áhersla lögð á að öll börn eigi að fá þá hjálp og þann stuðning sem þau þurfa á að halda við námið og að þau börn sem þurfi sérkennslu fái hana.

Það kom skýrt fram að öllum nemendum eigi að geta liðið vel í skólanum og að öll eigi að vera jöfn. Þá vilja barnábingmenn að brugðist sé við því þegar hatusorðræða á sér stað innan skólans og að barist sé gegn einelti. Barnábingmenn vilja að aukin áhersla verði lögð á gagnkvæma virðingu milli nemenda og kennara. Þau vilja að kennarar fái hærri laun fyrir sína vinnu og að auknu fjármagni verði varið í endurmenntun kennara og þá sé mikilvægt að kennarar fái fræðslu frá sérfræðingum um ýmiss málafni t.d. hinseginmálafni. Þá kom fram að það þurfi að styrkja tengslin á milli skólans, foreldra og tómsunda.

„Það á að líta á kynfræðslu sem heilbrigðan hlut“

„Kennarar fái líka fræðslu um allt sérstaklega hinseginfræðslu“

„Við viljum að öll börn fái hjálp í náminu“

„Meiri sérkennslu ef barnið þarf þess“



SAMGÖNGUR

Barnþingmenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að til staðar séu góðar samgöngur sem allir geti nýtt sér. Þau vilja betri, fjölbreyttari og ódýrari samgöngur og í því samhengi var m.a. rætt um kosti þess að hafa lestarkerfi og borgarlínu. Þá vilja þau að almenningssamgöngur verði bættar og að frítt sé í strætó fyrir börn alls staðar á landinu. Einnig vilja þau fleiri hjólastíga, fleiri götuljós og betri vegi. Þá vilja þau að gangandi og hjólandi vegfarendum sé sýnd meiri virðing. Barnþingmenn eru ósáttir við að strætókort fyrir ungmenni hafi hækkað mikið í verði á höfuðborgarsvæðinu og hvað það kosti mikið fyrir börn af landsbyggðinni að ferðast til Reykjavíkur hvort sem það er með flugi, rútu eða strætó. Þau vilja betri samgöngur út á land og bættar flugsamgöngur.



„Það kostar of mikið fyrir fólk sem á ekki heima á höfuðborgarsvæðinu að fara suður að keppa“

„Ég ætti ekki að þurfa að borga í strætó til að fara í skólann og á æfingu þegar ég er ný orðinn 12 ára“

„Af hverju er strætókort fyrir ungmenni búin að nær tvöfaldast síðan 2020 en samt er ekkert búið að breytast nema klapp. Ungmenni eins og ég ætti ekki að þurfa að borga 3000 kr. til að komast til Reykjavíkur frá Hólminum“



HEILBRIGÐISMÁL

Barnþingmenn tóku fram að bæta þurfi heilbrigðiskerfið og að það eigi enginn að þurfa að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu. Þau vilja einnig að börn þurfi ekki að bíða eftir greiningu eða annarri þjónustu. Barnþingmenn lögðu áherslu á að börn eigi að fá hjálp þegar þeim líður illa. Þau vilja betra aðgengi að ókeypis sálfræðiþjónustu og að meiri áhersla verði lögð á andlega heilsu. Þá kom fram að mikilvægt sé að taka andleg veikindi alvarlega.

„Af hverju niðurgreiðir ríkið ekki sálfræðihjálpi fyrir börn og unglinga“

„Ríkið niðurgreiðir lyf fyrir ýmsa sjúkdóma, af hverju ekki sálfræðiþjónustu til að laga andlega heilsu“



Í umræðum barnaþingmanna kom fram að það þyrfti að vera meiri fræðsla um blæðingar. Það er misjafnt hvenær stelpur byrja á blæðingum og sumar geta byrjað frekar ungar. Því telja þau gott að fræðslan eða umræðan byrji fyrr og þau vilja einnig að tíðarvörur séu fríar og aðgengilegar í skólum landsins.

„Meiri fræðsla um blæðingar fyrir ungar stelpur“

„Fríar tíðarvörur fyrir ungar stelpur“

Mikil umræða var meðal barnaþingmanna um nikótínvörur og það kom mjög skýrt fram að barnaþingmenn vilja að strangari reglur verði settar um sölu og markaðssetningu á nikótínvörum. Þau vilja aukið eftirlit með verslunum sem selja nikótínvörur og að komið verði í veg fyrir að þeir sem eru undir 18 ára aldri noti nikótín. Þá vilja þau að gripið verði til aðgerða með það að markmiði að koma í veg fyrir að börn og ungmenni hafi aðgang að fíkniefnum, nikótíni og áfengi.

„Af hverju fær Svens að gera auglýsingar? Þær eru svo misvísandi eins og það sé verið að reyna að fá krakka til að kaupa nikótín vörur“

„Það þarf að banna veip+púða“

„Það ætti að banna að opnaðar verði fleiri nikótínbúðir“





ÍPRÓTTIR OG TÓMSTUNDIR

Barnáingmenn lögðu áherslu á að það þurfi að tryggja að öll börn geti stundað íþróttir bæði hvað varðar aðgengi og kostnað. Það er greinilegt að börn eru meðvituð um þann kostnað sem fylgir íþróttá- og tómstundaiðkun og að þeim finnst þessi kostnaður stuðla að mismunun. Áhersla var einnig lögð á að öll börn eigi að eiga tækifæri á að stunda íþróttir óháð m.a. kyni og fötlun. Barnáingmenn vilja fjölbreyttari íþróttir út um allt land og fleiri íþróttavelli. Þá vilja þau að bæjarfélög og ungmenni taki virkan þátt í starfi félagsmiðstöðva og ungmennahúsa.

„Það þarf að vera fjölbreyttara íþróttasamfélag í sveitunum“

„Öll börn eiga að fá að stunda íþróttir og tómsundir án þess að hafa áhyggjur af kostnaði“

„Fjölbreyttar íþróttir í öllum bæjarfélögum“


UMHVERFISMÁL

Barnaþingmenn vilja vernda náttúruna og þau vilja aukna fræðslu um umhverfismál. Þau vilja að komið verði í veg fyrir mengun og sú hugmynd kom fram að það eigi að veita fyrirtækjum viðurkenningu fyrir að vera umhverfisvæn. Þau vilja einnig aukna flokkun, fleiri ruslatunnur og minna plast. Jafnframt vilja barnaþingmenn að dregið verði úr matarsóun og að hætt verði að meiða og drepa dýr. Þau vilja fleiri rafmagnsbíla, aukna endurnýtingu og að betur verði gengið um jörðina.

„Ekki plast í náttúrunni“

„Meiri fræðslu um umhverfismál“

„Endurnýta rusl og ganga betur um jörðina“




Skóðanir
barna
þurfa
að heyrast!



RÉTTINDI

Barnaþingmenn vilja að öll börn fái notið réttinda sinna. Þau vilja að börnum sé sýnd meiri virðing og mikil áhersla var lögð á að veita þurfi börnum tækifæri til þess að segja sína skoðun og að taka eigi meira mark á skoðunum barna. Einnig vilja þau að börn séu sýnilegri t.d. í sjónvarpi og útvarpi. Þá vilja barnaþingmenn að mark sé tekið á niðurstöðum barnaþings.



„Hvernig getum við fengið fullorðna fólkið til að taka mark á skoðunum barna?“

Áberandi ákall kom fram um að kosningaaldur verði lækkaður í 16 ár. Þá gerðu barnaþingmenn alvarlegar athugasemdir við það að börn byrji að borga skatt 16 ára en fái ekki að kjósa fyrr en þau verði 18 ára. Einnig kom fram að það ætti að vera hægt að fá bílpróf 16 ára.

Barnaþingmenn vilja að öryggi barna á flótta verði betur tryggt, þau vilja að flóttafólk fái meiri stuðning og að hætt verði að vísa fólki úr landi. Þá vilja þau einnig að það sé auðveldara að fá íslenska kennitölu.

Barnaþingmenn vilja að meira sé gert til þess að koma í veg fyrir fordóma og rasisma. Þá telja þau að bæta þurfi orðræðuna sem fer fram á samfélagsmiðlum og netinu almennt. Einnig finnst þeim að það þurfi að hafa meira eftirlit með samfélagsmiðlanotkun ungmenna. Þau vilja jafnframt að unnið sé gegn neikvæðum staðalímyndum og að betur sé passað uppá hinsegin börn.




ÖRUGG



HEIMILI

FYRIR ÖLL!



Barnábingmenn vilja betra aðgengi fyrir fatlaða og þau vilja sér klefa í sund fyrir stálp og fjölskyldur. Þau vilja jafnframt að öll börn fái að vera þau sjálf og að börnum sé ekki mismunað.

Barnábingmenn telja að foreldrar þurfi á meiri stuðningi að halda við uppeldi barna og þeim finnst að bjóða ætti upp á námskeið fyrir verðandi foreldra. Þá þurfi sérstaklega að styðja betur við einstæða foreldra og þá sem eigi erfitt.

Þau vilja að meira sé gert fyrir fátæk börn og börn sem missa fjölskylduna sína. Einnig vilja barnábingmenn að meiri stuðningur sé í boði fyrir fólk sem verður fyrir kynferðisofbeldi. Fram kom að foreldrar eigi að vera góðir við börnin sín og taka tillit til skoðana þeirra.

Barnábingmenn tóku fram að það þurfi að passa betur að börn fái nægan svefn og hollan mat. Þau vilja frítt nammi á laugardögum og frítt í bíó. Barnábingmenn lögðu áherslu á mikilvægi þess að börn hafi aðgang að upplýsingum og fram kom að það þurfi fleiri viðburði fyrir ungmenni sem vekja áhuga á pólitík. Þeim finnst jafnframt mikilvægt að tryggj sé að öll börn eigi kost á því að vera í unglingavinnu svo þau læri að vinna. Þá vilja barnábingmenn að lögreglunni sé sýnd meiri virðing.

Barnábingmenn vilja að friður ríki og að meira sé gert til þess að koma í veg fyrir stríð. Fram kom að það þurfi að hugsa um Úkraínu og Gaza og að stoppa þurfi Rússa. Þau vilja að komið verði í veg fyrir allt mansal. Þá vilja barnábingmenn lækka verðbólgu.

„Öll börn eiga að fá frelsi og tækifæri til að segja sína skoðun“

„Það á að hjálpa öllum sem missa fjölskylduna sína alveg sama hvernig það gerist. Sýna börnum að þau eru ekki ein og fólk vill hjálpa þeim“

„Öll börn í heiminum ættu að fá aðgang að menntun, húsnæði, mat, vatn og læknishjálp“



„Þú borgar skatt 16 ára en færð að kjósa 18 ára“

„Vera góður og stoppa rasista og frið í heiminum og stoppa stríðni og hjálpa fólki“

„Enga fordóma og ekkert stríð“









Starfsfólk barnaþings 2023:

Andrea Rói Sigurbjörns

Eðvald Einar Stefánsson

Hafdís Una Guðnýjardóttir

Sigurveig Þórhallsdóttir

Unnur Helgadóttir

Freyja Sigurgeirsdóttir

Róbert Ragnarsson

Agnes Wild

Sigyn Blöndal



**UMBOÐSMAÐUR
BARNA**

Útgefandi: Umboðsmaður barna
Teikningar: Elín Elísabet og Rán Flygenring
Ljósmyndir: BIG

ISSN 2710-9615